

Til hamingju með jarðgerðarílatið

Upplýsingarit



ÍSLENSKA 
GÁMAFÉLAGIÐ

Lífrænn úrgangur - Jarðgerðarílát

Með því að flokka heimilissorp minnkar rúmmal þess sorps sem þarf að urða og sparar það landrymi umtalsvert. Um það bil 30-35% af heildarmagni sorps er lífrænn úrgangur sem má jarðgera. Afurð þess, moltan, nýtist sem næringarríkur áburður fyrir garðinn.

Til þess að jarðgera lífrænan úrgang með góðum árangri þarf að þekkja ákveðin grunnatriði sem koma fram í þessu riti.



Um jarðgerðarílát

Jarðgerðarílát er einkar heppilegt til heimajarðgerðar vegna góðrar hönnunar. Ílát er framleitt úr endurvinnanlegu plasti og auðvelt í samsetningu. Það er með loki sem ver innihaldið gegn meindýrum og veðri. Að framanverðu er lok þar sem auðveldlega má taka moltuna út. Sérstök botnplata ver ílát gegn ágangi meindýra eins og músa, en hleypir þó inn ánamöðkum sem hjálpa til við niðurbrot. Í miðju ílátsins er svo loftunarrör en það kemur í veg fyrir að moltan súrni og ólykt verði því þegar mikið af matarleifum eru jarðgerð verður moltan oft blaut í sér og aðgangur súrefnis slæmur. Með ílátinu kemur svo sérstakt áhald sem nota á þegar blanda skal moltunni til að auka súrefnisinnihald og hjálpa til við niðurbrot.



Hvað má setja í jarðgerðarílátíð?



Í jarðgerðarílátíð má setja:

- | | |
|--------------|----------------|
| ☞ Ávexti | ☞ Te |
| ☞ Grænmeti | ☞ Pasta |
| ☞ Brauð | ☞ Hrísgrjón |
| ☞ Eggjaskurn | ☞ Matarafganga |
| ☞ Kaffi | ☞ Garðaúrgang |

Í jarðgerðarílátíð má ekki setja:

- | | |
|-----------|----------------|
| ✘ Bein | ✘ Plast |
| ✘ Gler | ✘ Ólífur |
| ✘ Málma | ✘ Spilliefni |
| ✘ Umbúðir | ✘ Ólífræn efni |



Hráefni til jarðgerðar

Matarúrgangur

Setja má allan matarúrgang í jarðgerðarílátið, en ráðlagt er að sleppa fisk og kjötafgöngum í miklu magni. Eggjaskurn ætti að mylja áður en hún er sett í jarðgerðarílátið þar sem hún brotnar seint niður.

Garðaúrgangur

Reyna ætti að nýta allt úr garðinum í jarðgerðina nema kantskurð og mold. Allt gras og lauf sem og kurlaðar greinar ætti að setja í jarðgerðarílátið. Sé moltan of blaut er ráðlegt að þurrka grasið dálítið fyrst, en þó ekki of mikið til að upp náist hiti í jarðgerðarílátinu. Oft fyllist ílátið alveg og grasið kemst ekki allt í það, en eftir u.þ.b. 2 daga hefur grasið minnkað rúmmál sitt mjög mikið og þá mætti setja restina í.

Stoðefni

Hæfilegt magn stoðefna er um 1/3 af rúmmáli ílátsins. Þeim er ætlað að bæta byggingu moltunnar, auka loftun og koma í veg fyrir að moltan verði of blaut. Auk þessa eru stoðefni mikilvægur köfnunarefnisgjafi.

Helstu stoðefni eru:

- | | |
|--------------|----------------------------------|
| ☞ Greinakurl | ☞ Dagblöð (niðurrifin í strimla) |
| ☞ Spænilir | ☞ Þurrt hey |
| ☞ Hálmur | ☞ Eggjabakkar |

Staðsetning jarðgerðarílátsins:

Staðsetja ætti ílátið þar sem loftar um það. Það er betra fyrir niðurbrotið og eykur loftun. Einnig er gott að muna að þegar sólin skín á jarðgerðarílátið myndast hiti sem hjálpar til við niðurbrot lífrænna efna.

Jarðgerðarferlið

Loftun

Mikilvægt er að lofta vel (hræra í ílátinu) í hvert skipti sem bætt er í hana nýju efni. Það tryggir að hitastig helst hátt, að ekki safnist upp koltvísýringur (sem er niðurbrotsörverum banvænn) og að endingu kemur loftunin í veg fyrir vonda lykt. Sé illa loftað tapast mikið af næringarefnum úr moltunni og hún verður ekki góður áburðargjafi.

Hitastig

Mikilvægt er að hitastig haldist nokkuð hátt framan af sumri á meðan verið er að setja gras og annan úrgang í ílátið. Sé ekki hiti í jarðgerðarílátinu geta legið nokkrar ástæður að baki:

- **Efnið er of blautt.** Bæta þarf stoðefnum í, en einnig má taka allt úr ílátinu og snúa við í því (efsta lagið fer neðst og neðsta og blautasta lagið fer efst).

- **Efnið er of þurrt.** Setja ferskt gras í og minna af stoðefnum. Ef það dugar ekki má úða yfir með vatni. (Ferskt gras kemur hitanum yfirleitt alltaf í gang).

Þegar mesta niðurbrotið er afstaðið þá lækkar hitinn og telst það vera eðlilegt. Hitastig ætti að vera framan af sumri í um 40-60°C og að hausti er eðlilegt að hitinn lækki niður í um 30°C.

Sá tími sem tekur að fullgera nothæfa moltu er á bilinu 8-12 mánuðir. Þá er moltan tilbúin til notkunar sem áburðargjafi. Sé möguleiki fyrir hendi á því að geyma moltuna í 1 ár til viðbótar undir rakaheldri ábreiðu verður hún enn betur niðurbrotin.

Tilbúin molta ætti að vera jafnrök og vel undinn svampur, eða líkt og gróðurmold sem hægt er að kaupa tilbúna í pokum, en e.t.v. örlítið rakari.

Moltugerð að vetrarlagi:

Þar sem garðaúrgang vantar í ílátið að vetrinum til er æskilegt að jarðgerðarferlið sé stöðvað yfir kaldasta tímenn. Það er gert með því að þurrka upp eldhúsúrganginn með stoðefnum. Dagblöð henta vel í það þar sem mikið fellur til af þeim.

Prentsvarta:

Í dag eru jurttalir notaðir í stað þungmálma í prentsvertu og er hún því skaðlaus. Þó ætti að varst að setja mikið af glanspappír í jarðgerðarlátið þar sem hann brotnar mun hægar niður og geta glanslitmyndir innihaldið eitthvað af óæskilegum efnem.

Flugur og skordýr:

Þegar ílátið er opnað kemur oft flugnasveimur upp úr því og er það fullkomlega eðlilegt og í raun nauðsynlegt. Allt dýralífið sem sjá má í moltunni stuðlar að niðurbroti á lífrænum úrgangi. Örverur umbreyta því grófasta í fínna efni og svo eru það sýnilegu skordýrin sem lifa á örverunum og því sem ekki hefur brotnað niður. VIÐ VILJUM ÞVÍ HAFA SKORDÝR Í MOLTUNNI, því fleiri því betri molta! Ánamaðkar eru sérstaklega velkomnir í moltunni og gera hana enn betri en ella.

Lykt:

Undir venjulegum kringumstæðum lyktar jarðgerð lítið. Viðvarandi (súr) ólykt upp úr jarðgerðarláti er oftast vegna þess að rotmassinn í ílátinu er of blautur og súrefni kemst ekki að. Ferskur lífrænn úrgangur inniheldur mikið af vatni og blautar matarleifar klessast gjarnan saman sem etur leitt til súrefnisskorts í rotmassanum. Við súrefnissnauðar aðstæður (gerjun) er annars konar bakteríuflóra að verki og þá myndast gjarnan metangas og illa lyktandi efni. Við slíkar aðstæður er erfitt fyrir loftháðar örverur að vinna sitt verk, niðurbrotsferlið hægir á sér, hitastigið í ílátinu lækkar og upp getur komið súr lykt.

Til þess að losna við ólyktina þarf að koma loftháðri öndun aftur af stað með því að róta hressilega í massanum til að færa örverunum súrefni. Einnig er gott að þurrka massann með því að bæta við timburkurli, spæni, greinaafklippum, niðurrifnum dagblöðum eða pappa, en hafa þarf í huga að pappír og pappi rotna fremur hægt.

Notkun moltunnar

Moltan getur verið misrík af næringarefnum eftir því hráefni sem jarðgert er úr. Þess vegna er heppilegt að blanda moltu í venjulegan jarðveg fyrir plöntun og þynna hana þannig út eða dreifa þunnu lagi yfir moldarbeð. Tilbúin molta inniheldur oft það mikið af næringarefnum fosfór og köfnunarefni að ráðlagt er að dreifa henni ekki nema í þunnu lagi (1-2 sm.) þar sem moltan er notuð sem áburður. Í gördum þar sem eru tré og runnar er þó í lagi að dreifa þykkara moltulagi. Rætur trjáanna ná langt niður í jörðina og taka upp næringu sem aðrar plöntur í garðinum ná ekki að nýta. Ekki er ráðlagt að nota óblandaða moltu við sáningu, sérstaklega ekki ef moltan er nýtekin upp úr safníláti. Niðurbrot lífrænna efna heldur áfram eftir að búið er að dreifa moltunni á jarðveg og er það talið vera einn af meginkostum jarðgerðar, enda losna næringarefnin í henni hægt úr læðingi. Þannig endist næringargeta moltu mun lengur en tilbúins áburðar.



Flokkunartafla

Brúna tunnann



Lífraent heimilissorp



Í **Brúna tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maispokann) áður en hann er settur í tunnuna.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar



Pasta



Karftöflur



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Tannstönglar